

8. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálpi, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálpi og reglugerð þessari, greiðist að einum þriðja úr rikissjóði, en $\frac{2}{3}$ úr sjóði Selfosshrepps.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Selfosshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálpi í viðlögum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

Nr. 325.

7. júlí 1975.

AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðakauptúni.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Egilsstaðahrepps, hefir eftirfarandi verið ákveðið varðandi umferð í Egilsstaðakauptúni:

1. Stöðvunarskyldumerki verði sett beggja megin Fagradalsbrautar við gatnamót við Tjarnarbraut.
2. Biðskyldumerki verði sett upp við þessar götur gagnvart Fagradalsbraut, þ. e. Kaupvang, Lagarás, Selás og við söluskála K.H.B.
3. Biðskyldumerki verði sett við þessar götur gagnvart Tjarnarbraut, þ. e. Skógarlönd, Tjarnarlönd, Selás, Furuvelli, Reynivelli, Brávelli og Útgarð.
4. Biðskyldumerki verði sett við veginn heim að bóndabýlinu Egilsstöðum.
5. Biðskyldumerki verði sett við Vallaveg gagnvart Fagradalsbraut og Norðurlandsvegi.
6. 35 km hámarksbraði gildi almennt í kauptúninu, en 45 km hámarksbraði á Fagradalsbraut og Norðurlandsvegi að afleggjara að flugvelli.

Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, 7. júlí 1975.

Valtýr Guðmundsson.

Nr. 326.

2. júlí 1975.

AUGLÝSING

um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

Samkvæmt 2. tölulíð 4. gr. reglugerðar nr. 107 30. maí 1974, er sjúkrasamlögum heimilt að greiða samkvæmt ákvæðum staflíðs e í 2. tölulíð 2. greinar reglugerðar-